

# Lög og helstu reglugerðir er lúta að vinnuvernd

Björn Þór Rögnvaldsson, hdl., LL.M



# Markmið

- » Eitt helsta hlutverk viðurkenndra þjónustuaðila/sérfræðinga er að meta áhættur í starfsumhverfinu
- » Lög og reglur er lúta að vinnuvernd kveða á um lágmarkskröfur sem gerðar eru til starfsumhverfisins, því er þau grundvallarverkfæri viðurkenndra þjónustuaðila/sérfræðinga við mat á áhættu
- » Markmið þessa fyrirlesturs er því það að viðurkenndir þjónustuaðilar/sérfræðingar þekki þann lagaramma er gildir um starfsumhverfið svo þeir geti metið áhættur í starfsumhverfinu
- » Svipuð þjálfun og eftirlitsmenn Vinnueftirlitsins fá enda gegn viðurkenndir þjónustuaðilar/sérfræðingar svipuðu hlutverki
- » Vinnueftirlitið getur veitt fyrirmæli um að atvinnurekandi skuli fá sér aðstoð viðurkenndra þjónustuaðila/sérfræðinga, þ.e. að hann skuli fá sér aðstoð sérfræðinga við að meta áhættur í starfsumhverfinu og gera svo úrbætur í samræmi við áhættumatið

# Inngangur að vinnuverndarrétti

- » Vinnuverndarréttur fjallar um hverskonar réttarreglur er kveða á um vinnuumhverfi starfsmanna, hluti vinnurettar
- » Vinnueftirlit felur í sér framkvæmd og eftirfylgni laga er varða starfsaðstæður starfsmanna, andlag vinnueftirlits getur því verið meira en vinnuumhverfið, t.d. laun, svört atvinnustarfsemi o.sv.fr.
- » Vinnuvernd og vinnueftirlit á sér rætur að rekja til iðnbyltingarinnar í Bretlandi á 19. öld, nánar tiltekið var fyrsta skipulagða vinnueftirlit sem vítað er um stofnað í kjölfar þess að breska þingið samþykki lög um verndum heilbrigðis við textiliðnað og í öðrum iðnaði árið 1802.
- » Réttlátt og sanngjarnt vinnuumhverfi telst til mannréttinda, sbr. Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og Félagsmálasáttmála Evrópu

# Inngangur að vinnuverndarrétti

- » Ísland er aðili að Alþjóðavinnuástandastofnuninni (ILO). ILO á rætur sínar að rekja allt til ársins 1919 og er tilgangur stofnunarinnar að stuðla að framþróun efnahaglegra- og félagslegra réttinda starfsmanna og annarra réttinda er tengjast vinnu. ILO varð fyrsta sérhæfða stofnun Sameinuðu þjóðanna árið 1946
- » Þær alþjóðasamþykktir ILO er varða vinnuvernd sem Ísland hefur fullgilt eru samþykkt nr. 81, frá 1947 um vinnueftirlit, samþykkt nr. 129, frá 1969 um vinnueftirlit í landbúnaði og samþykkt nr. 155, frá 1981 um öryggi og heilbrigði við vinnu
- » Ísland er skuldbundið að þjóðrétti að hlíta ofangreindum samþykktum, en þær kveða m.a. á um að skylda sé að hafa sérstakt vinnueftirlit auk þess sem þær kveða um hvernig vinnuvernd skuli háttað (meginreglur)

# Inngangur að vinnuverndarrétti

- » Rammatilskipun ESB, 89/391/EBE kveður á um almennar meginreglur er aðrar tilskipanir ESB um vinnuvernd byggja á. Nú hafa 24 tilskipanir ásamt breytingartilskipunum verið settar í samræmi við Rammatilskipunina og er þá ekki taldar með fjöldin allur af tilskipunum sem koma 'óbeint' að vinnuvernd, t.d. vinnutímatilskipunin, tilskipanir er varðar vélar og tæki...
- » Tilskipanir ESB á sviði vinnuverndar byggja að miklu leiti á samþykktum ILO
- » Ofangreindar tilskipanir hafa verið innleiddar hér á landi gegnum EES samninginn.
- » Flest lög, reglur og reglugerði er lúta að vinnuvernd á Íslandi byggja á tilskipuninum ESB, beint eða óbeint

# Inngangur að vinnuverndarrétti

- » Íslensk lög og reglur er varða þjónustuaðila eru byggð á 7. gr. Rammtilskipunarinnar eins og hún var túlkuð í máli Evrópudómstólsins (C-49/00), *framkvæmdastjórnin gegn Ítalíu*, en helstu niðurstöður þessa dóms voru að:


1) Aðildarríkin verða að skylda atvinnurekendur til að leita sér utanaðkomandi aðstoðar ef þeir hafa hana ekki innan fyrirtækisins

2) Aðildarríkin verða að skilgreina hvaða hæfni utanaðkomandi þjónustuaðili skuli hafa



# Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnuverndarlögin)

- » Lög nr. 46/1980 eiga rætur sínar að rekja til kjarasamninga vorið 1977, má því tala um að vinnuverndarlögin sem “lögbundin kjarasamning”
- » Skv. 1. gr. laga nr. 46/1980 er það tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Skv. 75. gr. laga nr. 46/1980 er það hlutverk Vinnueftirlitsins að hafa eftirlit með lögnum
- » Lögin eru rammalög sem kveða á um almennar meginreglur en í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra eru ákvæði laganna nánar útfært
- » Skv. 13. gr. laga nr. 46/1980 er það meginregla að atvinnurekandi ber skyldu að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað



# Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnuverndarlögin)

» Gildissvið:

**2. gr.** Lög þessi gilda um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri menn vinna, hvort sem um er að ræða eigendur fyrirtækja eða starfsmenn.

Undanþegin lögum þessum eru:

a. siglingamál og önnur verkefni, sem sérstaklega eru falin [Siglingastofnun Íslands],<sup>1)</sup> sbr. lög nr. 51/1970<sup>2)</sup> og lög nr. 12/1976 um kafarastörf.<sup>3)</sup> Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið [Siglingastofnunar Íslands],<sup>1)</sup> þar með talið um gáma, um flutning á hættulegum efnum, um mengun sjávar og fleira,


b. loftferðir, sbr. lög nr. 34/1964 og lög nr. 71/1974 um breyting á lögum nr. 34/1964 um loftferðir.<sup>4)</sup> Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið flugmálastjórnar.....



# Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnuverndarlögin)

» Skv. 75. gr. laganna er Vinnueftirlitinu m.a. ætlað að:

- a. hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara,
- b. veita stofnunum, fyrirtækjum, félögum og starfsmönnum ráðgjöf,
- c. veita þeim starfsmönnum er starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr., leiðbeiningar í störfum þeirra,
- d. afla og viðhalda þekkingu á tæknilegri og félagslegri þróun í þeim tilgangi að stuðla að því að efla öryggi og bæta hollustuhætti í starfsumhverfi,
- e. fjalla um öryggisþætti í áætlunum um vinnslu- og framleiðsluaðferðir, vinnustaði og tækni- og tækjabúnað,
- f. veita fræðslu og upplýsingar varðandi hættur á vinnustöðum, svo sem um nýja tækni og þekkingu sem stuðlað getur að umbótum á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum,
- g. stuðla að forvörnum og heilsuvernd á vinnustöðum,
- h. vinna að rannsóknum á sviði vinnuverndar,
- i. sjá um að haldin sé skrá yfir hvers konar sjúkdóma, andlega sem líkamlega, sem ætla má að eigi orsakir í starfsumhverfi, tíðni þeirra og útbreiðslu,



# Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnuverndarlögin)

j. sjá um að haldin sé skrá yfir tíðni vinnuslysa eftir starfsgreinum,  
k. annast markaðsgæslu og markaðseftirlit með vélum, tækjum og búnaði sem falla undir lög þessi,  
l. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.”



# Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnuverndarlögin)

- » 1. mgr. 1. ml. 66. gr. a. laga nr. 46/1980 kveður á um einkarétt þjónustuaðila til að gera áætlun um öryggi og heilbrigði undir ákveðnum kringumstæðum:

“Þegar gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd, krefst færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal atvinnurekandi leita aðstoðar til þess hæfra þjónustuaðila sem hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins til þeirra starfa. “



# Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnuverndarlögin)

- » 2. mgr. 66. gr. a. laga nr. 46/1980:  
“Þjónustuaðili skal hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins áður en hann hefur starfsemi.  
Vinnueftirlit ríkisins skal viðurkenna þjónustuaðila sem uppfylla skilyrði ákvæðis þessa og reglugerðar sem sett er skv. 6. mgr.”
- » 6. mgr. 66. gr. a. laga nr. 46/1980:  
“Ráðherra skal setja reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um nánari skilyrði sem þjónustuaðilar skulu fullnægja áður en þeir hefja starfsemi sína og um þá hæfni sem starfsmenn atvinnurekanda er sinna öryggi og heilbrigði á vinnustað skulu fullnægja.”
- » Reglugerð nr. 730/2012 um viðurkenningu þjónustuaðila og sérfræðinga sem veita atvinnurekendum þjónustu við gerð áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum

# Önnur lög er varða vinnuvernd

## » Efnalög nr. 61/2013

- Reglugerð nr. 980/2015 um meðferð varnarefna
- Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH)



# Önnur lög er varða vinnuvernd

- » Lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir  
Reglugerð nr. 326/2007 um takmarkanir á tóbaksreykingum
  
- » Vopnalög nr. 16/1998  
Reglugerð nr. 684/1999 um sprengiefni
  
- » Umferðarlög nr. 50/1987
  - Reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi á landi
  - Reglugerð nr. 690/2006 um skipulag vinnutíma farstarfsmann
  - Reglugerð nr. 662/2006 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna



# Önnur lög er varða vinnuvernd

- » Lög nr. 160/2010 um mannvirki
  - Byggingarreglugerð nr. 112/2012
  - Reglugerð nr. 914/2009 um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna
- » Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Þessum lögum er ætlað að tryggja öryggi og heilbrigði 'borgaranna' og er þeim framfylgt af heilbrigðiseftirlitum um land allt. Taka við þegar lögum um vinnuvernd sleppir, geta þó skarast á.



# Önnur lög er varða vinnuvernd

- » Siglingalög nr. 34/1985
- » Lög um loftferðir nr. 60/1998






# Yfirlit yfir helstu reglugerðir/reglur er settar eru á grundvelli vinnuverndarlaga

## » Vélar og tæki:

- Reglugerð nr. 218/2013 um færanlegan þrýstibúnað
- Reglugerð nr. 260/2012 um úðabrúsa
- Reglugerð nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað (vélatilskipun)
- Reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja (nær yfir fleiri þætti)
- Reglugerð nr. 465/2009 um mengandi lofttegundir og agnir frá brunahreyflum færanlegra véla sem notaðar eru utan vega
- Reglugerð nr. 966/2016 um lyftur og öryggisíhluti fyrir lyftur
- Reglugerð nr. 1070/2018 um togbrautarbúnað til fólksflutninga



# Yfirlit yfir helstu reglugerðir/reglur er settar eru á grundvelli vinnuverndarlaga

- Reglugerð nr. 151/2015 um vélknúinn leiktæki
- Reglugerð nr. 1022/2017 um þrýstibúnað
- Reglur nr. 609/1999 um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar (gildir þegar vélatilskipun sleppir)
- Reglur nr. 377/1996 um þrýstihylki
- Reglugerð nr. 727/2018 um tæki sem brenna gasi
- Reglugerð nr. 2021/2017 um einföld þrýstihylki
- Reglugerð nr. 54/1995 um skráningu, eftirlit og umsjón með lyftum og lyftubúnaði til fólks og vöruflutninga



# Yfirlit yfir helstu reglugerðir/reglur er settar eru á grundvelli vinnuverndarlaga

- Reglur nr. 388/1989 um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla
- Reglur nr. 332/1989 um hengiverkpalla
- Reglugerð nr. 729/2018 um röraverkpalla
- Reglur nr. 90/1989 um garðsláttuvélar og einöxla garðyrkjuvélar (gildir þegar vélatilskipun sleppir)
- Reglur nr. 492/1987 um öryggisbúnað véla (gildir þegar vélatilskipun sleppir)
- Reglugerð nr. 153/1986 um dráttarvélar og hlífabúnað við aflflutning frá þeim (gildir þegar reglugerð um gerð og búnað ökutækja sleppir)



# Yfirlit yfir helstu reglugerðir/reglur er settar eru á grundvelli vinnuverndarlaga

- Reglur nr. 476/1985 um naglabyssur (vélatilskipun gildir eftir 29. júní 2011)
- Reglur nr. 475/1985 um heftibyssur (gildir þegar vélatilskipun sleppir)
- Reglur nr. 198/1983 um réttindi til að stjórna vinnuvélum
- Reglugerð nr. 12/1965 um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum
- Reglur nr. 249/2003 um hávaðamengun í umhverfinu af völdum tækjabúnaðar til notkunar utanhúss
- Reglugerð nr. 728/2018 um gerð persónuhlífa
- Reglugerð nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu (Einungis eru í gildi ákvæði um verkpalla úr timbri)



# Yfirlit yfir helstu reglugerðir/reglur er settar eru á grundvelli vinnuverndarlaga

## » Efnanotkun:

- Reglugerð nr. 390/2012 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, ásamt síðari breytingum
- Reglugerð nr. 1050/2017 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna
- Reglugerð nr. 430/2007 um bann við notkun asbests á vinnustöðum
- Reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum



# Yfirlit yfir helstu reglugerðir/reglur er settar eru á grundvelli vinnuverndarlaga

- Reglugerð nr. 349/2004 um sprengifimt andrúmsloft á vinnustöðum
- Reglur nr. 98/2002 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustöðum
- Reglugerð nr. 349/2004 um sprengifimt andrúmsloft á vinnustöðum
- Reglur nr. 578/1995 um meðhöndlun á fljótandi köfnunarefni
- Reglur nr. 491/1987 um varnir gegn loftmengun við málmsuðu



# Yfirlit yfir helstu reglugerðir/reglur er settar eru á grundvelli vinnuverndarlaga

## » Umhverfispættir:

- Reglugerð nr. 2051/2017 um varnir gegn skaðlegum áhrifum rafsegulsviðs á vinnustöðum
- Reglugerð nr. 165/2011 um varnir gegn álagi vegna tilbúinnar ljósgeislunar á vinnustöðum
- Reglugerð nr. 921/2006 um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum
- Reglur nr. 764/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum
- Reglur nr. 429/1995 um öryggisráðstafanir við vinnu í lokuðu rými



# Yfirlit yfir helstu reglugerðir/reglur er settar eru á grundvelli vinnuverndarlaga

## » Hreyfi- og stoðkerfi:

- Reglur nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar
- Reglur nr. 498/1994 um skjávinnu





# Yfirlit yfir helstu reglugerðir/reglur er settar eru á grundvelli vinnuverndarlaga

## » Félagslegir og andlegir þættir:

- Reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum



# Yfirlit yfir helstu reglugerðir/reglur er settar eru á grundvelli vinnuverndarlaga

## » Reglur/reglugerðir er ná yfir tvo eða fleiri áhættuþætti:

- Reglugerð nr. 931/2000 um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti
- Reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga
- Reglur nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða
- Reglur nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð



# Yfirlit yfir helstu reglugerðir/reglur er settar eru á grundvelli vinnuverndarlaga

- Reglur nr. 552/1996 um öryggisráðstafanir við jarðefnanám
- Reglur nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa
- Reglur nr. 553/1996 um öryggisráðstafanir við jarðefnanám með borunum
- Reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja
- Reglugerð nr. 384/2005 um vinnu í kældu rými við matvælaframleiðslu
- Reglugerð nr. 922/2006 um varnir gegn álagi vegna vélræns titrings á vinnustöðum



# Yfirlit yfir helstu reglugerðir/reglur er settar eru á grundvelli vinnuverndarlaga

- Reglur nr. 707/1995 um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum
- Reglugerð nr. 145/1953 um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum



# Yfirlit yfir helstu reglugerðir/reglur er settar eru á grundvelli vinnuverndarlaga

## » Reglur/reglugerðir er gilda heildstætt um vinnuvernd:

- Reglugerð nr. 540/2011 um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma
- Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum
- Reglugerð nr. 433/1997 um ráðstafanir til að bæta öryggi og hollustuhætti starfsmanna í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi




# Að gera áhættumat snýst ekki bara um að lesa lög og reglugerðir!

1-2. mgr. 65. gr. a laga nr. 46/1980 er svohljóðandi:

“Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gert sé sérstakt áhættumat þar sem meta skal áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Við gerð áhættumatsins skal sérstaklega litið til starfa þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna sem sinna þeim sé meiri hættu búin en öðrum starfsmönnum.”

Þegar áhættumat á vinnustað gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hættu búin skal atvinnurekandi grípa til nauðsynlegra forvarna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hættuna eða, þar sem þess er ekki kostur, draga úr henni eins og frekast er unnt.”



# Ítarefni

- » Hægt að nálgast lög og reglugerðir á heimasíðu Vinnueftirlitsins og Alþingis:  
<http://www.vinnueftirlit.is>  
<http://www.althingi.is/>
- » W. Von Richtofen, “*Labour Inspection: a guide to the profession*”, International Labour Organization, 2002
- » R. Blainpain, “*European Labour Law*”, Kluwer Law International, 2008
- » B. Rögnvaldsson, “*Comparative study of legislation and legal practices in the Nordic countries concerning labour inspection*”, Nordic Council of Ministers, 2011

